

**97. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn þriðjudaginn 12. mars kl.  
15:00 – 17:00**

**Fundargerð**

**Fundurinn haldinn hjá Austurbrú, Reyðarfirði og hófst kl. 15:10**

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar á staðinn: Einar Már Sigurðarson (EMS), Þráinn Lárusson (PL), Gunnar Jónsson (GJ)

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar í síma: Sæunn Stefánsdóttir (SS), Hildur Þórisdóttir (HP)

Mættir stjórnarmenn SSA undir 3. lið: Sigríður Bragadóttir (í síma) og Pálína Margeirsdóttir.

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÐ) sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins undir 3. lið

Sigrún Björk Jakobsdóttir framkvæmdastjóri flugvallasviðs ISAVIA  
Jörundur Ragnarsson, flugvallastjóri Egilsstaðaflugvelli

Gestir fundarins undir 6. lið

Arna Björg Bjarnadóttir, Óbyggðasetri  
Denni Karlsson, Óbyggðasetri

**Dagskrá:**

1. Staðfesting fundargerðar nr. 96
2. Fundargerðir til kynningar
3. Isavia – flugvallarverkefnið
4. Háskólar og rannsóknir
5. Þróun umhverfis sprotafyrirtækja
6. Beiðni um skipun fulltrúa Austurbrúar í fagråd Sköpunarmiðstöðvarinnar
7. Undirbúningur ársfundar
8. Önnur mál

Formaður stjórnar Einar Már setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

## 1. Staðfesting fundargerðar nr. 96

Stjórn staðfestir fundargerð nr. 96 með undirritun sinni.

## 2. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir eru lagðar fram til kynningar.

- Fundargerð aukaársfundar Austurbrúar
- Fundargerð aukaaðalfundar SSA

## 3. Isavia – flugvallarverkefnið

Gestir fundarins undir þessum lið voru: Sigrún Björk Jakobsdóttir, framkvæmdastjóri flugvallasviðs ISAVIA, Jörundur Ragnarsson, flugvallastjóri Egilsstaðaflugvelli. Einnig sátu þennan lið Pálina Margeirsdóttir og Sigríður Bragadóttir úr stjórn SSA.

Sigrún Björk fór yfir stöðu mála er varðar Egilsstaðaflugvöll og þær hugmyndir sem ISAVIA er með varðandi markaðssetningu á Egilsstaðaflugvelli og Akureyrarflugvelli. Einnig fór hún yfir þá vinnu sem Isavia er í varðandi viðhald og uppbyggingu á Egilsstaðaflugvelli á næstu árum og stöðunni á fjármögnun þeirra framkvæmda.

Umræður sköpuðust um þróun flugvallarins, markaðssetningu hans og framtíðarsýn.

Stjórn þakkaði Sigrúnu og Jörundi fyrir komuna og samtalið.

## 4. Háskólar og rannsóknir

Framkvæmdastjóri fór yfir þau gögn sem lögð voru fram til kynningar á fundinum.

- Minnispunktar rannsóknir og nýsköpun
- Umsögn sem Abr var boðið að gera við gerð fjármálaáætlunar 2020-2024

Stjórn Austurbrúar fagnar þeim áfanga að vísinda- og tækniráð muni ráðast í úttekt á því hvernig opinbert fjármagn til rannsókna, þróunar og nýsköpunar dreifist eftir landshlutum. Austurbrú hefur talað fyrir því að þetta sé skoðað enda

er talið að verulega halli á landshlutann í þessum málum. Mikilvægt er að fá upplýsingar og gögn til að varpa ljósi á þessa stöðu.

## 5. Þróun umhverfis sprotafyrirtækja

Gestir fundarins undir þessum lið voru: Arna Björg Bjarnadóttir og Denni Karlsson.

Fóru Arna Björg og Denni yfir þróun umhverfis sprotafyrirtækja undanfarin ár út frá sjónarhóli Óbyggðasetursins.

Stjórn þakkar gestum kærlega fyrir komuna og umræðuna um sprota- og nýsköpunarumhverfið.

## 6. Beiðni um skipun fulltrúa Austurbrúar í fagråd Sköpunarmiðstöðvarinnar

Stjórn skipar Tinnu Halldórsdóttur, verkefnastjóra Austurbrúar í fagråd Sköpunarmiðstöðvarinnar.

## 7. Undirbúningur ársfundar

Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að halda áfram undirbúningi fyrir ársfund á grundvelli umræðna á fundinum.

## 8. Önnur mál

Formaður upplýsti um bókun hreppsnefndar Borgarfjarðarhrepps en bókunin var einnig kynnt á stjórnarfundum SSA.

Næsti fundur stjórnar verður 2.apríl á Egilsstöðum. Fundi slítið kl. 17:30.

\_\_\_\_\_  
Einar Már Sigurðarson

\_\_\_\_\_  
Sæunn Stefánsdóttir

\_\_\_\_\_  
Hildur Þórisdóttir

\_\_\_\_\_  
Þráinn Lárusson

\_\_\_\_\_  
Gunnar Jónsson